

Reglur Sveitarfélagsins Ölfuss um heimgreiðslur/foreldragreiðslur

Hámarksupphæð greiðslna vegna 8 klukkutíma er kr. 41.600 á mánuði fyrir hvert barn foreldra í sambúð og kr.48.000 til einstæðra foreldra og námsmanna (skilyrði að báðir foreldrar séu í námi) Greiðslurnar eru sambærilegar við niðurgreiðslu vegna vistunar barna hjá dagforeldrum í sveitarfélaginu.

Skilyrði fyrir heimgreiðslum

- Greiðslurnar eru háðar því að barn og foreldrar/forráðamenn séu með lögheimili og aðsetur í Sveitarfélaginu Ölfusi.
- Hægt er að sækja um heimgreiðslur þegar fæðingarorlofi lýkur og er þá miðað við 12 mánaða aldur barna sem fædd eru á árinu 2021 og við 10 mánaða aldur barna sem fædd eru á árinu 2020. Heimgreiðslur vegna barna einstæðra foreldra geta hafist þegar barn sem fætt er árið 2021 hefur náð 7,5 mánaða aldri en annars frá 6 mánaða aldri.
- Foreldrum er heimilt að nýta sér heimgreiðslur allan þann tíma sem þeir kjósa að hafa börnin sín heima. Heimgreiðslur falla niður ef barn fer í annars konar dagvistun eða þegar skólavist hefst.
- Foreldrum er skylt að tilkynna til sveitarfélagsins ef barn þeirra hefur fengið úthlutað pláss hjá dagforeldrum eða á leikskóla.

Umsóknir og afgreiðsla

- Sækja þarf um heimgreiðslur rafrænt á íbúagátt Sveitarfélagsins Ölfuss.
- Umsókn þarf að berast fyrir 20.dag mánaðar.
- Greiðslurnar eru eftirágreiddar og eru ekki afturvirkar.
- Útborgun heimgreiðslna er ekki síðar en þriðja virka dag hvers mánaðar.
- Heimgreiðslur eru greiddar í 11 mánuði á ári, ekki er greitt út í júlímánuði.

Verði um ofgreiðslu á heimgreiðslum að ræða áskilur sveitarfélagið sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði Sveitarfélagsins Ölfuss 18.febrúar 2021 og staðfestar í bæjarstjórn 25.febrúar 2021.